

## Hópuppsagnir í desember 2014 og á árinu 2014

6. janúar 2015

### Hópuppsagnir í desember 2014


Tvær tilkynningar um hópuppsagnir bárust Vinnumálastofnun í desember 2014 þar sem sagt var upp 50 starfsmönnum í fiskvinnslu.

### Tilkynningar á árinu 2014

Á árinu 2014 bárust 10 tilkynningar um hópuppsagnir, þar sem sagt var upp 231 starfsmanni. Flestir hafa misst vinnuna í fiskvinnslu í hópuppsögnum á árinu 2014, 81 eða um 35% allra hópuppsagna og 50 í fjármála- og tryggingaþjónustu eða um 22%.

Mynd 1


Tilkynntar hópuppsagnir eftir atvinnugreinum á árinu 2014



Um 55% tilkynntra hópuppsagna á árinu 2014 voru á höfuðborgarsvæðinu, um 28% á Vestfjörðum, um 10% á Suðurnesjum og um 7% á Suðurlandi eins og fram kemur á mynd 2 hér að neðan. Mynd 2 sýnir skiptingu tilkynntra hópuppsagna á landshluta.

## Mynd 2


### Skipting hópuppsagna eftir landshlutum á árinu 2014



Á mynd 3 má sjá að 107 þeirra hópuppsagna sem tilkynnt var um á árinu 2014 komu til framkvæmda á því ári en 124 á árinu 2015.

## Mynd 3

### Hvenær hópuppsagnir sem tilkynntar voru árið 2014 koma til framkvæmda



Í töflu 1 má sjá hvernig hópuppsagnir sem tilkynntar voru á árinu 2014 dreifðust á mánuði og hve mörgum var sagt upp í hverjum mánuði með hópuppsögnum. Engar hópuppsagnir voru tilkynntar í janúar til júní 2014.

Tafla 1. Hvenær tilkynningar um hópuppsagnir á árinu 2014 bárust


	Uppsagnir		Tilkynningar	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
jan.	0	0	0	0
feb	0	0	0	0
mars	0	0	0	0
apríl	0	0	0	0
maí	0	0	0	0
júní	0	0	0	0
júlí	50	21,6%	1	10%
ágúst	12	5,2%	1	10%
sept.	40	17,3%	2	20%
okt.	79	34,3%	4	40%
nóv.	0	0%	0	0%
des.	50	21,6%	2	20%
<i>Alls</i>	<i>231</i>	<i>100%</i>	<i>10</i>	<i>100%</i>

### Hópuppsagnir sem komu til framkvæmda á árinu 2014

Alls komu 279 hópuppsagnir til framkvæmda á árinu 2014, um 107 úr tilkynningum sem bárust á árinu 2014 en um 172 úr tilkynningum sem bárust á árinu 2013. Á mynd 4 má sjá hve margar hópuppsagnir komu til framkvæmda í hverjum mánuði á árinu 2014.

Mynd 4

Hópuppsagnir sem komu til framkvæmda á árinu 2014 úr tilkynningum sem bárust í lok árs 2013 og á árinu 2014



Samtals hefur 9.186 manns verið sagt upp í hópuppsögnum á síðastliðnum 7 árum. Flestir misstu vinnuna á þriggja mánaða tímabili frá desember 2008 til febrúar 2009 og svo næstu 3 mánuði þar á eftir.

## Mynd 5

Fjöldi tilkynntra hópuppsagna eftir árum 2008-2014

